

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/376**  
**komudagur 6.11.2012**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2012

**Efni: Umsögn hagsmunahóps faggildra fyrirtækja innan Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til umferðarlaga, 179. mál**

SVP - Samtök verslunar og þjónustu vísa til frumvarps innanríkisráðherra til umferðarlaga, 179. mál, sem er til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Óska SVP eftir að koma á framfæri athugasemdum f.h. hagsmunahóps faggildra fyrirtækja innan samtakanna.

Stærstur hluti þeirra skoðunarstofa sem hlotið hafa faggildinguna hér á landi hafa gengið til liðs við SVP og stofnað sérstakan hagsmunahóp innan samtakanna. Faggilding er formleg viðurkenning stjórnvalda á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat svo sem að prófa eiginleika efna, skoða ástand tækja og verksmiðja eða votta stjórnunarkerfi. SVP gæta því hagsmuna þessara fyrirtækja, þ.m.t. að tryggja góða samvinnu milli fyrirtækjanna og hins opinbera.

Þær athugasemdir sem óskað er eftir að koma á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis varða ákvæði 72. gr. frumvarpsins, þ.e. skoðun ökutækis og álganing og innheimta vanrækslugjalds. Er um að ræða verulegt hagsmunamál fyrir skoðunarstöðvar og hefur ábendingum um vankanta á fyrirkomulagi þess þegar verið komið á framfæri við innanríkisráðuneyti án þess þó að tekið hafi verið tillit til þeirra ábendinga.

SVP vekja athygli á að á skoðunarstofum hvílir sú skylda að innheimta vangreidd opinber gjöld af ökutækjum áður en unnt er að færa þau til skoðunar hjá stofunum. Gjöld þau sem hér um ræðir eru t.d. bifreiðagjald, vörugjald og þungaskattur, sbr. ákvæði laga um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, lög um bifreiðagjald, nr. 39/1988, og lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993.

Um innheimtu skoðunarstofa á framangreindum gjöldum fyrir ríkissjóð fer samkvæmt sérstökum samningi sem stofurnar hafa gert við fjármálaráðuneyti. Samkvæmt þeim samningum fá skoðunarstofurnar sérstaka þóknun af hverri innheimtu og um leið fellur ekki kostnaður á stofurnar vegna innheimtu á þessum opinberu gjöldum f.h. ríkissjóðs. Er hér um að ræða eðlilegt og sanngjarnt fyrirkomulag enda eiga skoðunarstofurnar ekki að bera kostnað vegna innheimtu á gjöldum sem ríkissjóður á tilkall til. Er því um að ræða gjöld sem að öllu jöfnu hið opinbera ber kostnað við að innheimta.

Til viðbótar við framangreind gjöld ber skoðunarstofum að innheimta svonefnt vanrækslugjald f.h. ríkissjóðs, sbr. ákvæði VI. kafla reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 8/2009. Er um að ræða gjöld þau sem kveðið er á um í framangreindri 72. gr. frumvarpsins. Reglugerðin var gefin út af þáverandi samgönguráðuneyti sem nú heyrir undir innanríkisráðuneyti. Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar skal vanrækslugjald innt af hendi við skoðun ökutækisins, eftir atvikum aðalskoðun eða endurskoðun. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi annast sýslumaðurinn í Bolungarvík álagningu og innheimtu umræddra vanrækslugjalda. Hins vegar er það svo að umsýsla innheimtu vanrækslugjalda er í höndum skoðunarstofa, f.h. ríkissjóðs, sem annast innheimtu þeirra með tilheyrandi kostnaði.

Ekki hefur verið gerður sérstakur samningur við skoðunarstofurnar um innheimtu þessa gjalds líkt og framangreindir samningar sem fjármálaráðuneyti hefur gert við stofurnar. Því fá skoðunarstofur enga þóknun í sinn hlut en taka að sama skapi á sig allan kostnað við innheimtu á umræddu vanrækslugjaldi. Það skal ítrekað að ýmis kostnaður fellur til vegna þessarar innheimtu, t.a.m. innheimtuþóknun kreditkortafyrirtækjanna.

Að mati SVP er það verulega gagnrýnisvert að skoðunarstofur eru látnar taka á sig allan kostnað vegna innheimtu umræddra vanrækslugjalda f.h. ríkissjóðs. Þess ber að geta að innheimta vanrækslugjalda er einn stærsti liður í innheimtu opinberra gjalda hjá skoðunarstofunum og því er eftir atvikum um verulegar upphæðir að ræða sem falla á stofurnar vegna þessa. Til frekari skýringar varðandi umfang þessara gjalda má þess geta að innheimt vanrækslugjöld hafa frá upphafi álagningar þeirra, þ.e. árið 2009, til dagsins í dag þegar náð einum milljarði króna. Því er ljóst að umfang þessara gjalda er mikið og að sama skapi kostnaður skoðunarstofa af innheimtu gjaldsins verulegur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem SVP hafa aflað frá skoðunarstofum var fyrirspurn um fyrirkomulag innheimtu á vanrækslugjöldum beint til samgönguráðuneytis árið 2009. Var þar óskað upplýsinga um fyrirkomulag innheimtunnar og hvort ráðuneytið teldi ástæðu til að gera samninga við stofurnar um þá framkvæmd. Hins vegar taldi samgönguráðuneytið ekki ástæðu til að aðlaga innheimtu á vanrækslugjöldum innheimtu gjalda fyrir fjármálaráðuneyti og vísaði m.a. til fyrirkomulags á innheimtu umferðaröryggisgjalda. Að mati SVP halda þessi rök ráðuneytisins engan vegin enda er innheimta umferðaröryggisgjalda, á kostnað skoðunarstofa, með sama hætti íþyngjandi gagnvart stofunum og um leið með öllu óréttmæt. Eins og að framan greinir hafa SVP nú þegar sent erindi á innanríkisráðuneyti, þ.e. erindi dags. 20. júlí sl., þar sem SVP gerðu alvarlegar athugasemdir varðandi framkvæmd þessa og töldu samtökin mikilvægt að bætt verði þar úr hið fyrsta þannig að skoðunarstofur verði ekki fyrir frekari kostnaði vegna innheimtu á umræddum gjöldum fyrir ríkissjóð. Hins vegar hefur umræddu erindi enn ekki verið svarað þrátt fyrir ítrekanir um slíkt.

Til viðbótar framangreindu er rétt að ítreka að innleiðing á innheimtu vanrækslugjalda hefur kallað á verulegar breytingar á innheimtukerfi skoðunarstofa með tilheyrandi kostnaði fyrir stofurnar. Hefur innheimta á vanrækslugjöldum því óumdeilanlega haft í för með sér verulegan kostnað fyrir skoðunarstofur, hvort sem um ræðir kostnað við innheimtukerfi, viðhald og uppfærslur á þeim kerfum sem og almennur innheimtukostnaður.

Því er það verulega gagnrýnisvert að innanríkisráðuneyti hafi ekki séð ástæðu til þess að gera sérstakt samkomulag við skoðunarstofur um innheimtu þessara gjalda líkt og fjármálaráðuneyti hefur gert varðandi innheimtu sömu aðila á öðrum opinberum gjöldum. Að sama skapi er það einnig verulega íþyngjandi að skoðunarstofur eru látnar sitja uppi með þann kostnað sem á þær falla við innheimtu þessara gjalda fyrir ríkissjóð, kostnað sem með réttu ætti að falla á hið opinbera sem móttakanda gjaldanna. Er það einnig verulega ámælisvert að með þessum hætti taki ráðuneytið einhliða ákvörðun um að úthýsa öllum innheimtukostnaði á skoðunarstofurnar sem réttilega ætti að falla á hið opinbera. Ítrekast það sem áður segir að samkvæmt ákvæðum reglugerðar um skoðun ökutækja ber sýslumanninum í Bolungarvík að annast álagningu og innheimtu umræddra vanrækslugjalda.

Eftir sem áður eru í gildi ákvæði 1. mgr. 10. gr. innheimtulaga, nr. 95/2008, þar sem segir m.a. að innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar. Hins vegar er það ósk SVP að framkvæmd þessara mála verði í sem bestri sátt á milli hins opinbera og skoðunarstöðva þannig að stofurnar taki ekki á sig þann kostnað við innheimtu sem réttilega ætti að falla á hið opinbera sem kröfuhafa í þessum málum.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og með vísan til framanritaðs er þess óskað að við útfærslu á 72. gr. frumvarpsins verði tryggt að skoðunarstofum verði ekki gert að taka á sig kostnað sem að öllu jöfnu ætti að falla á hið opinbera sem réttmætum kröfuhafa.

Virðingarfyllt,  
f.h. hagsmunahóps faggilda fyrirtækja innan SVP



Lárus M.K. Ólafsson  
lögfræðingur